

Skipulags-, byggingar- og veitunefnd

Fundur – 1. september 2010

Fundur haldinn í Skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar miðvikudaginn 1. september 2010, kl. 15:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Þórður Pálsson, formaður, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri. Gestir fundarins voru þeir Ingvi Þór Loftsson og Óskar Örn Gunnarsson frá Landmótun og Ágúst Þór Bragason frá Tæknideild Blönduósbæjar

Dagskrá:

1. Yfirferð yfir greinargerð vegna Aðalskipulags Blönduós 2010-2030 og athugasemdum sem bárust.

Afgreiðslur:

1. Farið var yfir tillögur að svörum við athugasemdum sem bárust vegna Aðalskipulags Blönduósbæjar 2010-2030. Alls bárust 180 athugasemdir og áttu þær allar við Húnavallaleið. Nefndin fellst ekki á þær athugasemdir að gert verði ráð fyrir Húnavallaleið í Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030. Nefndin samþykkir að vísa tillögunum til afgreiðslu bæjarstjórnar með það í huga að bæjarstjórn sendi erindið til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið 17:03

Þórður Pálsson (sign)
Ingunn Ásgeirsdóttir (sign)
Hilmar Þór Hilmarsson (sign)
Valgerður Gísladóttir (sign)

Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri (sign)